

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 176/1993.

**Herluf Clausen**

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

**Guðjóni Ármanni Jónssyni**

Víxlar. Greiðslustaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í víxli þeim, sem stefndi reisir á kröfur sínar, segir, að hann skuli greiða í „Landsbanka Íslands, Reykjavík“. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á, að með þessum orðum hafi greiðslustaður verið nægilega tilgreindur samkvæmt 5. tölul. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Áfrýjandi telur, að þessi fyrirmæli um greiðslustað verði að skilja á þann hátt, að fyrst annað sé ekki tekið fram í víxlinum, hafi átt að greiða hann í aðalbanka Landsbanka Íslands við Austurstræti í Reykjavík. Af þeim sökum hafi víxillinn ekki verið sýndur á réttum stað til greiðslu á gjalddaga, þar sem óumdeilt sé, að hann hafi þá verið til innheimtu í útibúi Landsbankans að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík.

Með 5. tölul. 1. gr. víxillaga er ekki girt fyrir, að tilgreindir séu í víxli tveir eða fleiri greiðslustaðir. Er þá á valdi víxilhafa að ákveða, á hverjum hinna tilgreindu staða víxillinn verði sýndur til greiðslu, og er nægilegt, að það sé gert á einum þeirra. Líta verður svo á, að með tilgreiningu greiðslustaðar í víxli þeim, sem mál þetta varðar, hafi áfrýjandi sem útgefandi lagt á vald víxilhafa að ákveða, í hvaða afgreiðslu Landsbanka Íslands í Reykjavík víxillinn yrði sýndur til greiðslu. Veldur það því stefnda ekki réttarspjöllum, að hann lét

gera það í því útibúi Landsbankans, sem áður getur, fremur en í aðalbanka.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Herluf Clausen, greiði stefnda, Guðjóni Ármanni Jónssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. mars 1993.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 24. mars sl., hefur Guðjón Ármann Jónsson, kt. 061248-3079, Ljárskógum 29, Reykjavík, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. nóvember 1992, á hendur Herluf Clausen, kt. 130944-5159, Hofsvallagötu 1, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði sér 1.000.000 kr. ásamt [nánar tilgreindum dráttarvöxtum, stimpilgjaldi og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda er þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað [...].

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

#### 1.0.

Stefnandi segir skuld þessa vera samkvæmt vixli, að fjárhæð 1.000.000 kr., út gefnum í Reykjavík 25. ágúst 1992 af stefnda, Herluf, og samþykktum af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík, ábektum af útgefanda og afsögn sé óþörf.

Innheimtutilraunir hafa eigi borið árangur.

Krafa um virðisaukaskatt af málflytningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Mál þetta sé höfðað á grundvelli vixillaga nr. 93/1933 og rekið samkvæmt þeim og XVII. kafla laga nr. 19/1991.

#### 2.0.

Stefndi segir, að sýknukrafa sín sé studd því, að vixill sá, sem stefnt sé til greiðslu á í máli þessu, sé vixill, sem vistaður sé í Landsbanka Íslands, Reykjavík, þ. e. aðalbanka, Austurstræti 11 í Reykjavík. Vixillinn sé út gefinn af stefnda 25. ágúst 1992 og framseldur, en samþykktur af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Víxill þessi hafi verið til innheimtu í Landsbanka Íslands, útibúinu Suðurlandsbraut 18, Reykjavík (0138), sem hafi eitt haft hann í sínum vörslum, þar til stefnandi hafi tekið við vörslu hans til að hefja innheimtuaðgerðir. Víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á greiðslustað lögum samkvæmt, sbr. 91. gr. laga nr. 93/1933, sem leiði til þess, að víxilréttur sé niður fallinn fyrir vangeymslu gagnvart stefnda samkvæmt 1. mgr. 53. gr., sbr. 4. gr., 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. laga nr. 93 frá 1933. Sú athugasemd, að víxillinn sé „án afsagnar“, breyti engu hér um.

Af því, sem nú hafi verið rakið, og með vísan til tilvitnaðra gagna og lagagreina megi ljóst vera, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í víxilmáli þessu.

### 3.0.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laganna getur stefndi haft uppi varnir um aðferðina til að halda víxilkröfu í gildi og önnur atriði, sem eru skilyrði til að koma fram víxilrétti eftir víxillögum. Varnir stefnda, reistar á vangeymslu víxilsins, komast því að í máli þessu.

Óumdeilt er í málinu, að umræddur víxill er út gefinn af Herluf Clausen og samþykktur af Sportvali hf. til greiðslu 15. október 1992 í Landsbanka Íslands, Reykjavík. Þá er einnig óumdeilt, að víxillinn hafi verið í vörslum Landsbanka Íslands, útibúinu við Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, til innheimtu og sýningar á gjalddaga. Var víxillinn í vörslum útibúsins, allt þar til stefnandi tók við honum og hóf innheimtuaðgerðir.

Á víxillinn er skráð: „Víxillinn greiðist í Landsbanka Íslands, Reykjavík.“ Deila aðila málsins snýst um það, hvort greiðslustaður víxilsins hafi verið í aðalbanka Landsbanka Íslands í Reykjavík eða útibúi hans að Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að greiðslustaður víxilsins hafi verið í aðalbanka, og hafi víxillinn því ekki verið sýndur á réttum stað til greiðslu skv. 38. gr. víxillaga nr. 93/1933. Af þessum sökum hafi stefnandi glatað víxilrétti sínum á hendur stefnda fyrir vangeymslu, sbr. 1. mgr. 53. gr. sömu laga.

Samkvæmt 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 er það eitt af formskilyrðum víxils, að tilgreindur sé greiðslustaður á honum. Við túlkun á 5. tölulið 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 hefur verið við það miðað, að um nægjanlega tilgreiningu staðar sé að ræða, ef tilgreind er borg, bær eða sveitarfélag, þar sem greiða skal víxillinn, sbr. t. d. H. 1979, 635. Við útgáfu víxils hefur útgefandi það hins vegar í hendi sér að tilgreina nákvæmar greiðslustað víxils.

Af hálfu Herlufs Clausens var greiðslustaður víxilsins ekki tilgreindur nánar en gat um í hinu prentaða formi víxilsins, „Reykjavík“.

Samkvæmt 27. gr. víxillaga nr. 93/1933 getur samþykkjandi kveðið nánar á um það, hvar greiðslu skuli krafist á greiðslustaðnum og hjá hverjum greiðsla skuli fara fram, sbr. 4. gr. sömu laga, enda er greiðslustaður efndastaður fyrir greiðanda og ábyrgðarmenn hans. Í hinu prentaða formi víxilsins skal greiðsla fara fram hjá Landsbanka Íslands, og hafa fyrirsvarsmenn Sportvals hf. ekki kveðið nánar á um það, í hvaða útibúi Landsbanka Íslands greiðsla skuli fara fram. Af þessum sökum verður að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxilinn hjá einhverju útibúa Landsbanka Íslands á hinum tilgreinda greiðslustað, Reykjavík. Verður því að telja, að stefnanda hafi verið heimilt að sýna víxilinn í Landsbanka Íslands, útibúinu við Suðurlandsbraut 18 í Reykjavík. Þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að umræddur víxill hafi ekki verið sýndur á réttum stað og hjá réttum aðila, sbr. 5. tl. 1. gr. og 4. gr. víxillaga nr. 93/1933, og innan rétttra tímamarka, sbr. 38. gr. og 2. mgr. 46. gr. sömu laga, verður að leggja til grundvallar, að sýning víxilsins hafi verið í samræmi við lög, og er víxilréttur stefnanda á hendur stefnda því ekki fallinn niður fyrir vangeymslu. Af þessum sökum og þar sem hinn fram lagði víxill er í samræmi við lýsingu stefnanda, ber að fallast á kröfur hans, svo sem í dómsorði greinir.

Með tilvísun til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 93/1991 þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Herluf Clausen, greiði stefnanda, Guðjóni Ármanni Jóns-syni, 1.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. október 1992 til greiðsludags auk stimpilgjalds, 2.500 kr., og 200.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskatt. Áfallnir vextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

---